

86. fundur

Skólaráð 12. febrúar 2020.

Fossvogsskóli kl. 8:30

Mættir: Karl og Agnar Freyr fulltrúar foreldra, Halla fulltrúi kennara, Helena fulltrúi starfsfólks, Ingibjörg Ýr og Árni skólastjórnendur.

Ritari er Árni.

Dagskrá:

- Skóladagatal 2020-2021
 - verkfall Eflingar
 - mannráðningar
 - umsjónarmaður fasteigna
 - íþróttakennari
 - umhverfismálin – loftslagsbreytingar
 - húsið og flutningar
 - líðan nemenda og starfsfólks
 - samstarf við Borgartún
 - komandi skólaár
 - skoska mílan
 - sund í öllum árgöngum
 - Önnur mál
-
- **Skóladagatalið 2020-2021.** Umræða um skóladagatalið. Velt var m.a. upp hvort foreldradagurinn ætti að liggja að vetrarleyfi í október. Hvort hann ætti að vera í vikunni áður, t.d. 14. október. Skoða á það en ræða þarf við aðra grunnskóla og leikskóla í hverfinu. Skila á skóladagatalinu til SFS fyrir 30. apríl.
 - **Verkfall Eflingar.** Hefur áhrif í mötuneyti nemenda. Ef til verkfalls kemur verður mötuneytið lokað og nemendur þurfa að koma með hádegismat í skólann.

- **Mannaráðningar.** Í janúar og febrúar var auglýst eftir umsjónarmanni og íþróttakennara. Skólastjóri mun ræða við umsækjendur um umsjónarmannsstöðuna í dag og á föstudaginn nk. Auglýsing um íþróttakennarastöðuna rennur út á morgun. Ekki er vitað hvenær von er á Gísla Íþróttakennara úr veikindaleyfinu.
- **Umhverfismálin – loftslagsbreytingar.** Sagt var frá umhverfismálum í skólanum. Á síðasta ári var haldið í horfinu, jafnvel farið nokkur skref til baka. T.d. var erfitt að flokka í KSÍ og í Þrótti. Ný sókn er hafin og samþykkti Umhverfísráð að hafa loftslagsmál sem aðal þema í umsókn um Grænfána vorið 2021. Loftslagsmál verða í smiðjum í febrúar og mars og hugmyndin að ljúka þeim með opnu húsi.
- Í byrjun febrúar var aftur flutt úr Vesturlandi. Nokkrir nemendur og starfsmenn í Vesturlandi fundu fyrir vanlíðan og var á þeim grunni flutt til baka úr Vesturlandi. 30. janúar sendi skólastjóri póst á sviðsstjóra SFS og upplýsti hann um þessa flutninga og hvernig við brygðumst við þeim, þ.e. hvernig nemendum yrði komið fyrir í Austurlandi, Meginlandi og Útlandi. Sviðsstjóri var mótfallinn þessari aðgerð og vildi fá svar hvers vegna var flutt úr Vesturlandi. Hann vill láta þrifa Vesturland og láta HER taka rýmið út. Ef sviðsstjóri vill að við flytjum til baka í Vesturland verðum við að hlýta því. Einnig leggur hann til að Nemendaverndarráð skólans fjalli um mál átta nemenda sem foreldrar segja að hafi veikst vegna lélegra loftgæða í skólanum og foreldrar hafa sent skólastjóra póst eða haft samband við hann á annan hátt. Skólasamfélagið hefur sýnt þolinmæði í framkvæmdum á Fossvogsskóla. Stjórn foreldrafélagsins (FFF) vill halda áfram með þetta mál með starfsmönnum skólans og taka það úr fangi skólaráðs. Á fundinum kom fram að fulltrúar foreldra eru ósáttir við að flutt verði aftur í Vesturland á þessu stigi.

- Skólastjóri sagði frá skosku mílunni. Hugmyndin er að stika út skoska mílu í dalnum og að umsjónarkennarar fari með nemendur út á hverjum degi í 15 mínútur og að nemendur gangi eða hlaupi skosku míluna. Einu sinni í viku færu svo allir nemendur út í einu. Stefnt að því að skoska mílan kæmi í stað smiðjanna,

Önnur mál.

- Spurt var um skákkennslu í skólanum. Slík kennsla hefur farið fram í skólanum en er ekki á þessu skólaári. Umræður um slíka kennslu og samþykkt að skoða það frekar. M.a. hægt að fá upplýsingar frá TR.
- Næsti fundur verður 18. mars 2020.